

Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn 15. júlí 2014, kl 14.00. Fundurinn var haldinn í fjarfundi, mætt voru Albertína F Elíasdóttir, formaður, Baldur Smári Einarsson, Friðbjörg Matthíasdóttir, Jóna Benediktsdóttir og Sveinn Ragnarsson. Einnig sátu fundinn þeir Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri og Jón Jónsson, menningarfulltrúi.

Formaður setti fundinn og kynnti að Ómar Már Jónsson og Sigurður Pétursson hefðu boðað forföll og í þeirra stað sætu fundinn kjörnir varamenn, þau Baldur Smári Einarsson og Jóna Benediktsdóttir.

Gengið til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar 26. júní 2014

Lögð fram fundargerð stjórnarfundar frá 26. júní 2014, en fundargerð hafði áður verið send út í tölvupósti og staðfest af stjórn. Formaður óskaði eftir formlegri staðfestingu fundargerðar. Stjórn staðfestir fundargerð.

2. Tillaga menningarráðs um úthlutun styrkja 2014

Formaður gaf Jóni Jónssyni, menningarfulltrúa orðið. Menningarfulltrúi lagði fram til staðfestingar fundargerðir menningarráðs frá 22. maí og 14. júlí 2014.

Á fundi í maí var afgreidd tillaga menningarráðs um auglýsingu og úthlutunarreglur, sem stjórn FV staðfesti á fundi 4. júní s.l.. Á fundi þann 14. júlí var farið yfir umsóknir um menningarstyrki sem bárust fyrir auglýstan umsóknarfrest þann 13. júní s.l. og samþykkt tillaga til stjórnar FV að úthlutun þeirra, eða sem hér segir.

Stofn- og rekstrarstyrkir:

Alls voru teknar fyrir 20 umsóknir í flokknum Stofn- og rekstrarstyrkir. Fjárhagsáætlun þessara umsækjanda hljóðaði samtals upp á tæpar 121 milljón og beðið var um stuðning að upphæð tæpar 36 milljónir. Samþykkt var að styrkja 12 aðila í flokknum stofn- og rekstrarstyrkir að upphæð á bilinu 450 þús - 1,5 milljón. Samtals var úthlutað 13,2 milljónum í stofn- og rekstrarstyrki í samræmi við menningarsamning 2014.

Verkefnastykir:

Alls voru teknar fyrir 103 umsóknir í flokknum Verkefnastykir. Fjárhagsáætlanir þessara verkefna hljóðuðu samtals upp á tæpar 278 milljónir og beðið var um stuðning að upphæð rúmar 76 milljónir. Samþykkt var að styrkja 59 verkefni í flokknum verkefnastykir að upphæð á bilinu 50-800 þúsund. Samtals var úthlutað 22 milljónum í verkefnastyki.

Menningarfulltrúi kynnti lista yfir styrkþega sem verður birtur opinberlega um eða eftir helgina 19.- 20 júlí þegar náðst hefur að kynna niðurstöðu menningarráðs fyrir umsækjendum.

Formaður gerði að tillögu að fundargerðir menningarráðs 22. maí og 14. júlí verði staðfestar og þar með tillaga menningarráðs að úthlutun menningarstyrkjum árið 2014. Tillagan samþykkt samhljóða.

3. Drög að dagskrá 59. Fjórðungspings Vestfirðinga

Framkvæmdastjóri kynnti að boðsbréf vegna 59. Fjórðungspings Vestfirðinga hafi farið út þann 9. júlí s.l. ásamt drögum að dagskrá þingsins, sem kynnt var í tölvupósti til stjórnar og staðfest þar. Framkvæmdastjóri óskaði formlegar staðfestingar stjórnar á drögum að dagskrá. Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög.

Spurst fyrir um skipulag umræðu um málefni grunnskólans á þinginu. Framkvæmdastjóri og menningarfulltrúi svöruðu fyrirspurnum, en menningarfulltrúa hefur verið falið að skipuleggja þennan dagskrárlið.

4. Önnur mál

a. Reglugerð um sameiningu heilbrigðisstofnana á Vestfjörðum.

Formaður óskaði eftir umræðu um tilkynningu heilbrigðisráðuneytis um setningu reglugerðar þann 9. júlí s.l. um sameiningu heilbrigðisstofnana í landinu, þar á meðal Heilbrigðisstofnun Patreksfjarðar og Heilbrigðisstofnun Vestfjarða undir heiti Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða.

Sameiningin taki gildi þann 1. október n.k. og nýr forstjóri taki til starfa á sama tíma á grundvelli auglýsingar um stöðu forstjóra sem auglýst verður nú í júlí. Í frétt ráðuneytis er boðað að verðandi forstjórar og starfsmenn ráðuneytisins munu hafa samráð við sveitarstjórnarmenn um framkvæmd málsins.

Framkvæmdastjóri kynnti að stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hefði samþykkt ítarlega ályktun um málið á fundi sínum þann 22. nóvember 2013 vegna sambærilegri tillögu um sameiningu er taka átti gildi um síðustu ármót. Stjórn FV hafnaði tillögunni og skoraði á Alþingi og ríkisstjórn að draga tillögu heilbrigðisráðherra til baka. Í framhaldinu frestaði ráðherra ákvörðun um málið en nú kemur hún óbreytt fram.

Formaður gerði tillögu að eftirfarandi ályktun.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga ítrekar afstöðu sína frá 22. nóvember og mótmælir harðlega einhliða ákvörðun heilbrigðisráðherra um sameiningu Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða á Ísafirði og Heilbrigðisstofnunarinnar á Patreksfirði. Fram hefur komið að engin stefnubreyting hefur orðið hjá heilbrigðisráðherra, þrátt fyrir kröftug mótmæli sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Það er mat stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, með vísan til greinargerðar með frumvarpi til laga um heilbrigðisþjónustu (40/2007), að í raun hafi framkvæmd samráðs milli ráðuneytis, sveitarfélaga og Samband íslenskra sveitarfélaga, sem áskilið er í II kafla laga um heilbrigðisþjónustu nr 40/2007, ekki verið í samræmi við vilja Alþingis. Eðlileg málsmeðferð í samráðsferli að mati Fjórðungssambandsins, er að þar svari heilbrigðisráðherra sjónarmiðum sveitarfélaga með greinargerð en ekki einhliða ákvörðunum án frekari skýringa. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga gagnrýnir því að ráðherra hafi farið í þessa vegferð, algjörlega án samráðs við heimamenn og íbúa á áhrifasvæðinu, sem og að því er virðist án samráðs við þingmenn kjördæmisins.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga lítur á það sem algjöra forsendu fyrir sameiningu að hægt sé að vísa til reynslu af jákvæðu gagnkvæmu samstarfi sem leiði þá mögulega til frekari umræðu um samvinnu og sameiningu, en í tilviki þeirra stofnana sem um ræðir þá hefur svo ekki verið.

Allar forsendur fyrir samvinnu og gagnkvæmu samstarfi eru afar veikar og stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga lýsir undrun og furðu á skilningsleysi ráðherra á landfræðilegri sérstöðu byggðar og erfiðum samgöngum á Vestfjörðum. Hér er um að ræða enn eitt dæmið þar sem núverandi ríkisstjórn vinnur gegn eigin stefnu um að byggja upp á landsbyggðinni. Aðgerðir sem þessar eru einungis til þess fallnar að rífa niður og vinna gegn uppbyggingu þjónustu og þeim vaxtarbroddum sem á svæðinu eru.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skorar á ríkisstjórn og Alþingi, þar sérstaklega þingmenn norðvesturkjördæmis að hafna alfarið þeim tillögum sem settar hafa verið fram um sameiningu heilbrigðisstofnanna á landsbyggðinni, þannig að tillit sé tekið til sérstöðu þeirra byggða sem ekki njóta jafnra réttinda og aðrir landsmenn, hvort þá heldur er í formi samgangna eða annarrar opinberrar þjónustu.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

b. Tilnefning í starfshóp um undirbúning frumvarps til laga um skipulag hafs og stranda.

Kynnt bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga dags 1. júlí 2014, til umhverfis- og auðlindaráðuneytis þar sem kynnt er tilnefning sambandsins í starfshóp ráðuneytisins um undir um undirbúning frumvarps til laga um skipulag hafs og stranda. Tilnefnd eru Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri FV sem aðalmaður og Þóra Björg Jónsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, sem varamaður.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 15.00.